

Um íslenskar nafngiftir plantna

Inngangur

Allmargar blómplöntur og byrkningar hafa borið íslensk nöfn frá fornu fari. Sumar höfðu mörg nöfn, mismunandi eftir landshlutum, en meginhluti íslenskra plantna hefur þó ekki átt alþýðleg nöfn og því hefur ávallt verið nauðsyn að búa til ný nöfn á tegundir hinna ýmsu plöntuflokka þegar um þá er fjallað. Það voru grasafróðir menn sem riðu á vaðið í nýnefningum lífvera hérlendis og mótuðu reglur um þær.

Hér verður rakin saga þessa máls í stórum dráttum, leiddar í ljós helstu reglur sem íslenskar nafngiftir plantna hafa lotið og athugað hvernig þeim hefur verið fylgt. (Þá verður lauslega getið um nýnefningar dýra þar sem það er nauðsynlegt í þessu samhengi. Sveppir eru hér taldir með plöntum eins og lengi hefur tíðkast.)

Nafngiftir á 17. og 18. öld

Elsta (prentuð) heimild um íslensk plöntunöfn er rit Gísla Oddssonar biskups: *De mirabilibus Islandiae* (Um undur Íslands) sem skrifað var á latínu 1638 en ekki gefið út fyrr en 1917 og á íslensku 1942. Þar er að finna um 120 íslensk plöntunöfn sem öll munu vera gömul og rótgróin.

Fyrstu verulegu ritin um náttúru Íslands komu út á síðari hluta 18. aldar. Hin mikla *Ferðabók Eggerts Ólafssonar* (1772), sem rituð var á dönsku, varð aldrei almenningseign. Þar er getið um ca 150 tegundir plantna og eru alþýðunöfn tilfærð við margar þeirra.

Árið 1781 birtist skrá yfir íslensk dýra- og plöntunöfn í fyrsta bindi af *Ritum hins íslenska Lærdómslistafélags* eftir O.O. sem mun vera Ólafur Ólafsson er síðar nefndi sig Olavius. Þar eru skráð 240 íslensk plöntunöfn með latneskum samheitum, reyndar allmörg á erlendum tegundum. Er þessi skrá hin merkasta en lítið er þar af nýnefnum.

Tveim árum síðar (1783) kom út bókin *Grasnytjar* eftir Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, lítil og handhæg bók, sem hlaut mikla útbreiðslu og varð vinsæl af alþýðu manna. Þar er getið um hátt í 200 tegundir, með íslenskum nöfnum. Langflest þeirra eru gömul og gróin en nokkur eru sýnilega nýnefni, mynduð út frá gömlum nöfnum, svo sem *mýrafinnungur* (*Trichophorum caespitosum?*) og *töðufinnungur* (*Nardus stricta*), *kaldaveslismosi* (*Vaucheria sp.?*), *steinbrytill* eða *steinbrjótur* (*Saxifraga*). Nýnefni Björns eru mynduð eftir íslenskum málreglum og því oft torgreinanleg frá alþýðunöfnum. Þó bregður erlendum áhrifum aðeins fyrir, t.d. nefnir hann gleymmérei *gleymdu mér ekki* og *arfi með bláu blómstri*.

Í *Forsøg til en Islandsk Naturhistorie* eftir Nikolai Mohr (1786) er getið fjölda íslenskra alþýðunafna en varla eru þar nokkur nýnefni. Í aldarlok ritaði Sveinn Pálsson læknir sína ágætu *Ferðabók* á dönsku. Hann var vel að sér í grasafraedi og getur um mjög margar plöntutegundir en oftast bara með latnesku heiti. Bókin var ekki gefin út fyrr en árið 1945 og þá í íslenskri þýðingu.

Oddur Hjaltalín og tvínefnareglan

Með *Íslenskri grasafraedi* eftir Odd Hjaltalín héraðslækni, sem Hið ísl. bókmenntafélag gaf út 1830, var í fyrsta sinn reynt að gefa öllum íslenskum

fræplöntum nöfn og fjölda gróplantna að auki. Í því efni fylgdi Oddur þeirri nafnvenju sem tíðkaðist í Danmörku og öðrum grannlöndum okkar. Hún er í því fólgin að gefa tegundunum tvískipt nöfn þar sem seinna nafnið er kvíslarnafn, nafnorð sameiginlegt fyrir allar tegundir sömu kvíslar¹, en það fyrra er á einhvern hátt lýsandi fyrir tegundina, oftast lýsingarorð, en stundum dregið af nafnorði.

Þessi venja var til komin vegna hinnar alkunnu tvínefnareglu vísindalegra nafna sem sænski grasfræðingurinn Carl von Linné innleiddi á 18. öld. Sú regla öðlaðist fljótlega hylli grasa- og dýrafræðinga og er fyrir löngu orðin viðurkennd um heim allan. Samkvæmt henni ber kvíslin sérstakt nafn sem er alltaf eitt nafnorð eða ígildi nafnorðs. Allar tegundir sömu kvíslar fá þetta nafn sem fyrra nafn en auk þess fá þær viðurnafn sem oftast er lýsingarorð.

Með hliðsjón af því gefur Oddur öllum plöntukvíslum íslensk nöfn sem oftast eru fremur stutt og laggóð en mörg hver nokkuð útlenskuleg, gjarnan þýðingar erlendra heita (t.d. Refshali² fyrir *Alopecurus*), stundum eftirlíkingar fræðinafna (t.d. Entíana fyrir *Gentiana*, sem nú kallast Maríuvöndur) en alloft gömul íslensk nöfn (t.d. Fjóla fyrir *Viola*, Mura fyrir *Potentilla*) og myndar svo tegundanöfn með þau að seinna nafni. Þessi kvíslanöfn má því kalla **stofnöfn** eða **stofnheiti**. Jafnframt tilfærir hann alltaf þau alþýðunöfn tegundarinnar sem hann þekkti eða hafði heimildir um en það var líka nokkuð tíðkað í erlendum flórubókum á þessum tíma.

Til að skýra þetta er best að taka dæmi: Kvíslin *Achillea* (Vallhumall) nefnist hjá Oddi Akkíllisurt og tegundin „Almenn Akkíllisurt“. Ísl. nöfn: *jarðhumall*, *vallhumall*. Þarna mátti sem sagt velja um þrjú íslensk nöfn á tegundinni, eitt fræðilegt og tvö alþýðleg nöfn. Kvíslin *Thalictrum* (Brjóstagras) kallast Fræstjarna og tegundin „Fjalla Fræstjarna“ og þar eru fimm alþýðunöfn gefin upp: *vélindisurt*, *krossgras*, *júfursmein*, *brjóstagras*, *kverkagras*. Kvíslin *Ranunculus* (Sóley) nefnist Smjörblómstur (danska: smørblomst) og sú alkunna planta brennisóley nefnist því „Bítandi smjörblómstur“ sem er bein þýðing úr dönsku. Birki heitir „Hvítt birki“ sem er þýðing á *Betula alba*. Ísl. nöfn: *birki*, *björk*, *rifhrís*.

Oft víkur Oddur þó frá tvínefnareglunni. Þannig heitir *Betula nana* (fjalldrapi) bara „Dvergabirki“ og *Salix herbacea* (grasvíðir) „Dvergavíðir“. Ýmsar starir og grös eru einnefnd, svo sem „Rjúpastör“ og „Fjallastör“, jafnvel þó nöfnin séu stundum rituð með bandstriki, t.d. „Tvíbýlis-stör“, eða í tvennu lagi, svo sem „Fjalla Sveifgras“.

Um nafngiftir sínar farast honum svo orð í formála bókarinnar (bls.7):

„Hvað áhrærir nöfn urtanna og þeirra einstöku parta, hefi eg leitazt við að smíða þau svo lík tungu vorri, sem eg bezt kunna, og þó á einstaka stað orðið að brúka en útlenzku. Orsök þessa hefir að nokkru leyti verið vankunnátta mín, er eg ei þekkti öll annars máské mögulg innlenzk urtanöfn, og að nokkru leyti fæð tungumáls vors á slíkum nöfnum, en með því slíkt er sameiginligr brestr flestra tungumála, að nefnilega í fyrstu vanta orð eðr nöfn til þess er ný vísindi og kunstir útheimta, þá vona eg að slíkt eigi til frambúðar hindri nytsemi bæklíngsins.“

Mjög fá eða engin þeirra tvöföldu plöntunafna, sem Oddur bjó til eftir fyrrnefndum reglum, náðu fóttfestu í málinu og koma þau naumast fyrir í öðrum ritum en *Íslenzkri grasfræði* hans. Hins vegar rötuðu mörg einnefndu tegundanöfnin inn í flórubækur síðari tíma og nokkur kvíslanöfn.

¹ Í þessari grein nota ég styttinguna kvísl fyrir það sem vanalega er kallað ættkvísl (genus). Stefán Stefánsson notaði orðið kyn um þessa kerfiseiningu í 1. útgáfu af *Flóru Íslands*.

² Ég rita íslensk kvíslanöfn í þessari grein með stórum upphafsstaf, til samræmis við fræðiheitin, en tegundanöfn með litlum staf. Hin tilbúnu tegundanöfn Odds eru einkennd með gæsalöppum og stafsett að hans hætti.

Í þessu efni skilur íslenskan sig frá flestum öðrum þjóðtungum sem héldu sig við tvínefnaregluna eins og enn má sjá í ensku, dönsku, þýsku, frönsku, ítölsku og rússnesku (í ensku og frönsku eru þrískipt nöfn ekki óalgeng). Í Noregi og Svíþjóð varð hins vegar töluverð stefnubreyting í þessu efni á 20. öldinni, ef til vill fyrir áhrif frá *Flóru* Stefáns Stefánssonar, svo að þar eru óskipt tegundanöfn nú meginregla, a.m.k. hvað háplöntur varðar, þó að hin séu líka algeng.

Árið 1881 kom út í Kaupmannahöfn bókin *Islands Flora* eftir Christian Grønlund sem kalla má fyrstu nútímaflóru landsins. Grønlund getur mjög oft um íslensk tegundanöfn sem hann tekur úr eldri heimildum en sneiðir greinilega hjá tvínefnum Odds Hjaltalín og verður ekki séð að hann hafi búið til nein íslensk nöfn. Í formála segist hann hafa fengið aðstoð við íslensku nöfnin hjá Þorvaldi Thoroddsen og Vilhjálmi Finsen.

Móritz H. Friðriksson læknir gagnrýndi þessa flórubók, einkum hvað varðar íslensku nöfnin, og birti síðan lista yfir íslenskar háplöntur í *Almanaki Þjóðvinafélagsins* 1883 og 1884, með réttum nöfnum, sem hann taldi vera. Er þar margt undarlegra nafna en þó segist hann aðeins taka þau sem notuð séu „í daglegu máli almennings, eða þá í bókum og handritum íslenzkra grasfræðinga, en smíða engin sjálfur...“.

Stefán Stefánsson og einnefnareglan

Með útkomu bókarinnar *Flóra Íslands* eftir Stefán Stefánsson, árið 1901, var innleiddur nýr og þó í raun gamall siður í nafngiftum plantna á Íslandi. Síðan hafa menn yfirleitt valið þann kost að gefa hverri lífveru eitt óskipt heiti eftir íslenskri málvenju. Þó er ekki laust við að menn hafi stundum fylgt þessum nafnareglum meira af tilfinningu en skilningi. Því er nauðsynlegt að gera sér ljósa grein fyrir nafnareglum Stefáns eins og þær birtast í *Flóru* hans.

Fyrsta boðorð Stefáns er greinilega að hver íslensk plöntutegund skuli bera eitt íslenskt nafn (eða aðalnafn) sem helst á að einkenna hana á einhvern hátt. Sé til gamalt alþýðunafn á tegundinni skal það notað en annars skal gefa henni eitt íslenskt nafn. Hann gefur þó alloft upp tvö alþýðunöfn, t.d. *fergin* og *tjarnaelfting* fyrir *Equisetum fluviatile*, og *beitieski* og *móeski* fyrir *E. variegatum*, jafnvel þrjú á stöku stað, t.d. *dýragras*, *arnarrót* og *bláin* fyrir *Gentiana nivalis* sem hann hefur líklega ætlað notendum bókarinnar að velja á milli. Þetta heyrir þó til undantekninga og virðist dálítið tilviljunarkennt. Til dæmis hefur hann aðeins eitt nafn á blóðbergi sem þó á sér fjölda nafna í íslensku.

Stefáni var ljóst að til þess að nöfn plantnanna gætu orðið almenningsseign yrðu þau að laga sig að íslenskri málhefð. Nafnið verður því að vera hægt að bera fram og skrifa sem eitt orð. Þessi regla finnst okkur nú svo sjálfsögð að við eigum bágt með að ímynda okkur annan möguleika en tvínefnareglan á 19. öldinni sýnir að þetta var ekki sjálfgefið. Þrátt fyrir þetta vill hann samhæfa nöfnin tvínefnareglu Linnés. **Annað boðorð hans er því að hver ættkvísl skuli hljóta eitt fremur stutt íslenskt nafn og það skal á einhvern hátt vera hluti af nöfnum allra tegunda viðkomandi kvíslar.** Þar er aftur komið **stofnheitið** sem Oddur innleiddi en nú skal það vera samtengt viðurnefninu.

Einfaldast er þá að nota kvíslarnafnið óbreytt sem seinni lið og það er sú regla sem Stefán beitir oftast. Dæmi: Kvíslin *Ranunculus* fær nafnið *Sóley* og síðan eru tegundanöfnin *brennisóley*, *dvergsóley*, *jöklasóley* o.s.frv. mynduð af því. Þetta er auðvelt þar sem kvíslarnöfn eru stutt eða ósamsett og jafnvel tveggja og þriggja

atkvæða nöfn eins og Sveifgras (Poa) og Steinbrjótur (Saxifraga) geta gengið, sbr. tegundanöfnin *blásveifgras*, *kjarrsveifgras*, *gullsteinbrjótur*, *snæsteinbrjótur* o.fl.

Þegar kvíslarnöfn hafa fleiri atkvæði en þrjú fer málið að vandast. Kvíslarnafnið Arfanóra er ónothæft í samsetningum. Þá tekur Stefán það til bragðs að nota seinni hluta orðsins og býr þannig til tegundanöfnin *melanóra* og *móanóra* enda getur orðið *nóra* staðið sjálfstætt og allt eins verið kvíslarnafn eitt sér.

Nokkur dæmi eru um að Stefán myndar ný tegundanöfn með hljóðvarpi af kvíslarnöfnum eða öðrum tegundaheitum: Dæmi: Krókarfi eða Krækill (Sagina) og tegundanöfnin *broddkrækill*, *skammkrækill* o.s.frv. Einnig tegundanöfnin *vatnsnæli* (af vatnsnál), *maríuvendlingur* (af maríuvöndur).

Stefán lýsir þessu viðfangsefni í formála *Flóru Íslands* með svofelldum orðum, eftir að hafa rætt um „latínsku nöfnin“:

„Ekki voru íslenzku nöfnin betri viðureignar. Bæði meðal alþýðu og eins í íslenskum grasaritum er hinn mesti ruglingur á plöntunöfnunum, sama plantan nefnd mörgum nöfnum, og sama nafnið haft á mörgum, opt fjarskyldum tegundum, nöfnin allavega afbökud o.s.frv. Jeg hef reynt að greiða úr öllu þessu eptir beztu föngum. Opt hefur mjer tekizt það, en stundum hef jeg orðið að smella á plöntuna einhverju vissu nafni, nokkurnveginn af handahófi. Hef jeg þá einkum farið eptir því, hvert nafnið var algengast eða víðast haft í riti, og mjer þótti fegurst og bezt við eiga. Annað var þó verra viðfangs. Allur fjöldinn af íslenskum plöntum er nafnlaus á voru máli. Var þá annaðhvort að láta sjer nægja latínska nafnið eitt á öllum slíkum plöntum eða nefna þær allar einhverju íslenzku nafni, og þann kost tók jeg, þó sú væri þrautin þyngri. Tegundanöfn hef jeg víða gjört að kynsnöfnum. Þar sem kynsnöfn eru samsett, hef jeg sumstaðar myndað tegundarnafnið með því að skeyta orð, er einkenni tegundina, framan við seinni hluta kynsnafnsins.“
(Stefán Stefánsson 1901:VI-VII).

Frávik Stefáns frá reglum

Ekki verður sagt að Stefán fylgi ofangreindum nafnareglum út í æsar. Stundum velur hann óhentug alþýðunöfn sem kvíslarheiti og lendir í vandræðum með að leiða tegundanöfnin af þeim. Sem dæmi má nefna kvíslarnafnið Vetrarlilja (Pyrola). Síðari hlutinn *-lilja* hefur fasta merkingu í málinu sem heiti á óskyldum plöntuflokki. Því urðu tegundanöfnin, *klukkublóm*, *bjöllulilja*, *vetrarlaukur* eða *græn lilja*, dálítið vandræðaleg og fylgja ekki reglum hans.

Á stöku stað í *Flóru* fer Stefán öfugt að, þ.e. tekur fyrri hluta kvíslarnafnsins og notar sem seinni hluta tegundarnafns. Dæmi: Kvíslin Blöðkujurt (Polygonum) og tegundirnar *tjarnablaðka* og *túnblaðka* (*kornsúra*). Loks eru fáein tilvik þar sem hann virðist ekki reyna að fylgja reglum. Dæmi: Fjandafæla (Gnaphalium) en þar heita tegundirnar *grámulla*, *grámygla*, *grájurt* og *fjandafæla*. Hér er það helst forliðurinn *grá-* sem tengir nöfnin saman og því hefði verið eðlilegast að kalla kvíslina Grájurt. Sama má segja um kvíslina Skúfgras (Scirpus), með tegundunum *vatnsnál*, *vatnsnæli*, *mýrafinnungi* og *fitjafinnungi*.

Það sést af þessu að mikið er undir því komið að velja stutt og laggóð kvíslarnöfn sem auðvelt er að nota í samsetningum eða leiða af aðrar orðmyndir. Almennigur gerir oft lítinn mun á kvísl og tegund og telur oft að þær fyrrnefndu séu tegundir. Það leiddi því af sjálfu sér að mörg gömul jurtanöfn voru tekin upp sem kvíslarnöfn, t.d. Sóley, Fífill, Bládepla og Arfi, eins og Stefán minnst á í formálanum.

Þegar aðeins er um eina íslenska tegund að ræða í kvísl er tegundin yfirleitt samnefnd henni. Dæmi: Fjallabrúða (Diapensia) sem bæði kvíslar- og tegundarnafn. Stundum er þó vikið frá þessu, t.d. ber kvíslin Dryas nafnið Rjúpnalauf en

tegundarnafnið er *holtasóley*. Rubus nefnist Klungur en tegundin *hrútaberjalyng*. (Þessi aðgreining hefur ekki fest í málinu.)

Þessi dæmi sýna að Stefán fór frjállega með nafngiftareglur sínar og leyfði sér mörg frávík. Vitnar það kannski um fjölhæfni hans og smekkvísi því að einnig í þessu efni fylgir hann hinni almennu hefð tungumála sem oft eru sjálfu sér ósamkvæm og hafa ótal undantekningar frá öllum reglum. Þessi frávík auka fjölbreytni íslensku plöntunafnanna.

Gömlu nöfnin

Stefán tekur gömlu íslensku nöfnin vanalega upp óbreytt en þau eru oftar en ekki til trafala og setja allar reglur úr skorðum eins og fram hefur komið.

Steindór Steindórsson (1978) telur að Stefán hafi gert sér far um að kynna sér gömul plöntunöfn af vörum almennings og jafnvel ætlað að semja bók um íslensk plöntunöfn. Engin drög að slíkri bók eru þó til frá hans hendi og ekki veit ég til þess að hann hafi safnað nöfnum úr gömlum ritum. Það gerði hins vegar Ólafur Davíðsson sem var Stefáni mjög innan handar við samningu *Flórunnar*. Hafa sumir lagt Stefáni það til lasts hversu lítinn áhuga hann sýndi á þessari hlið málsins og eins varðandi nýttar plantnanna eða þjóðtrú þeim tengda. Hending er ef á það er minnst í *Flóru* hans enda tíðkaðist það ekki í samsvarandi erlendum bókum.

Steindór vakti athygli á því í greinininni Íslensk plöntuheitin í *Náttúrufræðingnum* 1939 að gömlu alþýðunöfnin væru að tapast og nefnir *Flóru Íslands* sem eina af ástæðum þess:

„Ýmsir alþýðumenn hika við að halda þessum gömlu heitum á lofti, þegar til eru hin lögfestu heitin, sem svo mætti nefna, þeir líta á gömlu heitin sem eins konar vanþekkingartákn, sem þeir vitanlega vilja ekki láta í ljós að óreyndu; hefi ég þrífaldlega rekið mig á þetta viðhorf, meðal manna út um land.“

(Steindór Steindórsson 1939:85)

Það kom reyndar í hlut Steindórs að safna þeim gömlu plöntunöfnum sem til voru í prentuðu máli og handritum og setja saman í bók (*Íslensk plöntunöfn*, 1978). Byggði hann þar á söfnunarstarfi Ólafs Davíðssonar. Skipuleg söfnun plöntunafna úr mæltu máli hefur hins vegar aldrei farið fram, svo mér sé kunnugt, og má ætla að mikill fjöldi þeirra hafi glatast.

Seinni útgáfu flórunnar

Furðulítilla breytinga verður vart frá 1. útgáfu *Flóru Íslands* til 2. útgáfu (1924) sem Stefán sá um að mestu leyti. Hann gat þó ekki lagt síðustu hönd á hana því hann lést í janúar 1921. Bendir það til að hann hafi í heild verið nokkuð ánægður með nafngiftir sínar. Valtýr Stefánsson segir í formála 2. útgáfu: „Fáeinir breytingar eru og á íslensku nöfnunum og fræðiorðunum, en þær eru allar smávægilegar.“ Til dæmis hefur kvíslin *Alchemilla*, sem í 1. útg. var ónefnd, hlotið nafnið *Döggblaðka*, fallett nafn en í engu samræmi við tegundanöfnin sem flest enda á *-maríustakkur*. Nafnið *Hnoðri* er tekið upp fyrir *Steinajurt* og tegundanöfnin löguð að því. Í 3. útgáfu *Flórunnar* (1948), sem Steindór Steindórsson sá um, virðist nafngiftum 2. útgáfu vera haldið óbreyttum.

Það verður heldur ekki annað sagt en að Stefáni hafi tekist vel með nafngiftir sínar og fyrir þær hlaut hann verðugt hrós. Um það farast Steindóri Steindórssyni svo orð:

„En á líkan hátt og höfundur Flóru heppnaðist að smíða fræðiorðakerfi, tókst honum einnig svo vel með nafngiftir plantanna, að nú, nokkrum áratugum eftir að Flóra kom fyrst á prent, eru nöfnin orðin jafn munntöm og föst við tegundirnar eins og þær hefðu borið þau frá fyrstu tímum.“

(Steindór Steindórsson 1939:84)

Það væri þó oflof að segja að Stefáni hefði ekki einstaka sinnum brugðist bogalístin eins og nokkur dæmi hafa þegar verið nefnd um hér.

Aðrar flórubækur

Aðrar bækur um íslensku flórana hafa að langmestu leyti haldið þeim nafngiftum sem Stefán mótaði í *Flóru Íslands*. Í bókinni *Íslenzkar jurtir* eftir Áskel Löve, sem út kom í Kaupmannahöfn 1945, verður sáralítilla breytinga vart nema stundum er fækkað alþýðunöfnum. Árið 1970 var þessi flóra Áskels gefin út nokkuð breytt undir nafninu *Íslenzk ferðaflóra*, 2. útgáfa 1977 og ensk útgáfa 1983.

Í *Ferðaflórinni* vottar fyrst fyrir einhverjum breytingum frá nafngiftum Stefáns, t.d. kallast gullbráin nú *gullsteinbrjótur* og gullsteinbrjóturinn *urðasteinbrjótur* en nafni klettafrúar vogar höfundur ekki að breyta. Tegundir af kvíslinni Skúfgras (*Eleocharis*, áður *Scirpus*) kallast nú *fitjaskúfur*, *tjarnaskúfur*, *mýraskúfur* o.s.frv.

Í flestum tilvikum er Áskell að samræma nöfnin betur þeim reglum sem Stefán mótaði en allmargar breytingar stafa þó af nýrri kvíslaskiptingu sem Áskell innleiddi í *Ferðaflórinni*, sérstaklega í seinni útgáfum hennar. Í ensku útgáfunni er kvíslinni *Saxifraga* (*Steinbrjót*) t.d. skipt í 8 kvíslir sem allar fá ný íslensk nöfn (*Aurablóm*, *Snæblóm*, *Gullbrá*, *Steinbrjótur*, *Steinbrytill*, *Gullbrytill*, *Lambarjómi*, *Þúsunddygðajurt*) og breytast tegundanöfnin í samræmi við það. Ekki heldur Áskell þó fast við þá reglu að íslensk tegundanöfn skuli leiða af kvíslanöfnum og sumar breytingar hans á kvíslanöfnum eru næsta furðulegar. Til dæmis breytir hann nafni *Draba* úr *Vorblóm* í *Vorsveigur* (sbr. *Lesb. Mbl.* 19.6.1960) og hinum ágætu *Krækilsnöfnum* (*Sagina*) breytir hann í *-arfi* í ensku útgáfunni.

Nafnabreytingar Áskels mæltust ekki vel fyrir og aðeins örfáar þeirra hafa verið teknar upp í aðrar flórubækur eða önnur grasafræðirit.

Íslensk flóra með litmyndum eftir Ágúst H. Bjarnason og Eggert Pétursson kom út 1983. Þar eru að vísu ekki tilgreind kvíslanöfn en hvað varðar nöfn á tegundum eru þau langflest í hefðbundnu formi. Ágúst tekur þó upp nafnið *Hlaðkolla* fyrir *Chamomilla* og *Melablóm* fyrir *Cardaminopsis*. Auk þess leggur hann til að taka upp nafnið *Nál* fyrir kvíslina *Juncus* sem nefnd hefur verið *Sef*, sbr. nafnið *hrossanál*. Hann tilfærir mörg alþýðunöfn á sumum tegundum og skýrir þau.

Sú flórubók, sem nú er mest notuð, er *Plöntuhandbókin* eftir Hörð Kristinsson sem kom fyrst út 1986. Þar eru hefðbundin plöntunöfn úr *Flóru Íslands* en nýnefni Ágústss eru þó tekin upp og fáein nöfn úr *Ferðaflóru* Áskels Löve.

Lágplöntur (gróplöntur)

Fyrstu tilraunir í þá átt að nefna íslenskar „lágplöntur“ á íslensku er að finna í *Íslenzkri grasafræði* Odds Hjaltalín (1830) sem fyrr var getið og er þar yfirleitt um tvínefni að ræða. Tegundin *Cetraria islandica* er þar nefnd „Íslands-Mosi“ en getið um nafnið *fjallagrös*. Síðan líður meira en öld þar til þessi þráður er tekinn upp að nýju. Þær tilraunir voru næsta fálmkenndar og óskipulegar. Menn létu sér nægja að nefna alla

mosa með endingunni *-mosi*, fléttur með endingunni *-skóf* eða *-flétta*, sveppi með endingunni *-sveppur* o.s.frv.

Ljóst er að þetta stefndi í óefni ef nefna ætti mikinn fjölda tegunda og var því ekki um annað að gera en innleiða stofnheiti fyrir kvíslirnar, á sama hátt og Stefán hafði gert fyrir háplöntur. Þannig hefur Bergþór Jóhannsson gefið öllum mosum, sem hér vaxa, íslensk nöfn, Hörður Kristinsson hefur nefnt fjölmargar fléttutegundir og höfundur þessarar greinar hefur gefið flestum stórsveppum íslensk heiti. Þá hafa allnokkrar tegundir þörunga fengið íslensk nöfn.

Ólíklegt er þó að nokkurn tíma verði allur hinn mikli sægur smásærra sveppa og þörunga nefndur upp á vora tungu og sama á við um marga smádýraflokka.

Almennt má segja að við þessar nafngiftir hafi nafnareglum Stefáns Stefánssonar verið fylgt. Bergþór Jóhannsson gengur lengst í því efni. Hann hefur valið stutt og einföld stofnheiti á allar kvíslir íslenskra mosa og við þau skeytir hann orðinu *-mosar* en býr svo til tegundanöfn með fyrri hluta kvíslarnafns sem seinni lið. Dæmi: Snúðmosar (Tortula), með tegundunum *veggjasnúður*, *dvergsnúður*, *urðarsnúður*, *skorusnúður*, *lautasnúður*, *hærusnúður*, *fjörusnúður*. Hann ritar kvíslarnöfnin í fleirtölu eins og Bjarni Sæmundsson hafði áður gert í spendýrabókum sínum (sjá síðar).

Bergþór gerði grein fyrir kvíslanöfnum sínum í sérstökum ritlingi (*Tillögur um nöfn á íslenskar mosaættkvíslir*, 1985) og mun það vera eina ritið af því tagi á íslensku. Bergþór fylgir alþjóðlegum nafnareglum einnig að því leyti að hann kennir ættir og ættbálka jafnan við þá kvísl sem útvalin er sem nafngjafi í fræðinöfnum þeirra en áður hafa íslenskir náttúrufræðingar varla fylgt neinni reglu í því efni.

Greinarhöfundur hefur að mest leyti fylgt sömu stefnu í nafngiftum íslenskra sveppa enda átti hann þátt í að móta hana með Bergþóri á sínum tíma og notaði jafnan endinguna *-sveppir* eða *-sveppur* í kvíslanöfnum eins og fram kemur í *Sveppakverinu* (1979) og víðar. Í nýrri sveppabók, sem hann hefur í smíðum, er hins vegar leitast við að nota fleiri endingar eða sleppa þeim alveg. Dæmi: Hnefasveppur (Russula), með tegundunum *grænhnefla*, *gulhnefla*, *birkihnefla* o.s.frv., er nú bara nefndur Hnefla en tegundanöfnin eru óbreytt. Hnefluætt kemur þá í stað Hnefasveppsættar o.s.frv. sem er styttra og þjálla.

Hörður Kristinsson hefur sjaldan notað endingarnar *-skóf* eða *-flétta* á fléttukvíslir en hann hefur fram til þessa lagt áherslu á að nefna tegundir en ekki kvíslir þó að hann fylgi að mestu sömu reglum og Bergþór með tegundanöfnin. Lítið af þessum fléttunöfnum hefur birst opinberlega nema helst í rannsóknaskýrslum.

Ýmsir fjöru- og sæþörungur eiga sér gömul íslensk heiti en auk þess hafa þeir Karl Gunnarsson og Sigurður Jónsson gefið allnokkrum tegundum sæþörunga íslensk nöfn. Hafa þeir í meginatriðum fylgt nafnareglum Stefáns í því efni (Sigurður Jónsson og Karl Gunnarsson 1978). Í bók greinarhöfundar *Veröldin í vatninu* (1979) var hins vegar lögð mest áhersla á að nefna flokka, ættbálka og ættir vatnaþörunga en nýnefni kvísla og tegunda eru fá og lítt kerfisbundin.

Nafngiftir á dýrum (ágrip)

Ekki verður hjá því komist að geta hér aðeins um íslenskar nafngiftir á dýrum því að nokkurt samspil eða víxlverkun hefur átt sér stað milli grasa- og dýrafræðinga í þessu efni eins og eðlilegt er.

Bjarni Sæmundsson fylgdi nafnareglum Stefáns í hryggdýrabókum sínum (*Íslensk dýr I-III*, 1926-1936) að svo miklu leyti sem það var hægt vegna gömlu

nafnanna. Hann tók upp þá nýbreytni að rita kvíslanöfn í fleirtölu og hafa sumir grasafraeðingar tekið það eftir honum.

Í ritinu *Sælingar við Ísland* (1919), eftir Guðmund G. Bárðarson, kom fyrst fram sú nýbreytni að mynda fyrri hluta tegundanafna sömu kvíslar með orðum sem standa í einhverju merkingarlegu samhengi en eru á engan hátt lýsandi fyrir tegundirnar sem slíkar. Seinni hluti nafnanna er þá vanalega hið almenna flokksheiti, t.d. bobbi, snigill eða skel, sem ekki er sérstakt fyrir kvíslir eða ættir og getur ekki skoðast sem stofnheiti. Dæmi: Tegundir af samlokukvíslinni Venus kallar Guðmundur *friggjarskel, freyjuskel, nönnuskel og sjafnarskel*. Þær eru kenndar við hinar fornu gyðjur Ásatrúar, eflaust með hliðsjón af Venusar-nafninu. Ekki var þetta þó almenn regla hjá Guðmundi því að oftast fylgir hann nafnareglum Stefáns.

Ingimar Óskarsson tók þessa nýbreytni upp í *Skeldýrafánu* sinni (1952 og 1962) og hún varð síðan nokkuð áberandi í bókum sem hann og Ingólfur Davíðsson rituðu um garðplöntur og stofublóm.

Í þýðingu sinni á bókinni *Fuglar Íslands og Evrópu* (1962) innleiddi Finnur Guðmundsson þá reglu að gefa ættum eða ættbálkum fuglanna stofnheiti, í stað kvísla, og hefur það síðan verið meginregla hjá þeim sem ritað hafa um smádyr.

Erlendar plöntur

Garðplöntur

Í bókinni *Garðagróður* eftir Ingólf Davíðsson og Ingimar Óskarsson (1949/1958) er fyrirnefnd nýjung Guðmundar Bárðarsonar mikið notuð svo næstum má segja að hún sé gerð að almennri reglu, jafngildri þeirri sem Stefán innleiddi við afleiðslu tegundanafna. Þannig heita tegundir af Kattablómi (Nepeta) t.d. *kisublóm, kettlingsblóm og högnablóm*. Af Chrysanthemum (Prestafífla) eru tegundirnar *friggjarbrá, njarðarbrá, nönnubrú, freyjubrá* o.fl. en þar má líta á *-brá* sem stofnafn. Sömu tilhneigingar gætir í ýmsum öðrum ritum sem þessir höfundar, einkum Ingólfur, hafa samið eða þýtt.

Ekki veit ég til að aðrir grasafraeðingar hafi tekið upp þessa reglu og þeir sem síðan hafa fjallað um garðplöntur hafa fremur reynt að draga úr henni. Í bók Ásgeirs Svanbergssonar *Tré og runnar á Íslandi* (1982) er reglum Stefáns að mestu leyti fylgt og Hólmfríður Sigurðardóttir reynir yfirleitt að fylgja þeim í *Íslensku garðblómabókinni* (1995) en undantekningar eru margar enda kemst hún ekki hjá því að nota nafngiftir þeirra Ingólfs og Ingimars. Hólmfríður ritar kvíslanöfnin í fleirtölu eins og Bergþór.

Í *Stóru garðabókinni*, sem kom út um sama leyti (1996) undir ritstjórn Ágústs H. Bjarnasonar, var nafnareglum Stefáns fylgt þegar búin voru til nýnefni á fjölmörgum kaktusum og öðrum þykkblöðungum og leitast við að samræma eldri nöfn garðplantna þessum reglum.

Matjurtir og stofublóm

Matjurtabækur eiga sér langa sögu hér á landi og komu þær fyrstu út seint á 18. öld, þ.e. *Íslensk Urtagarðs Bok* Ólafs Ólafssonar (Olavíusar) 1770 og *Lachanologia* Eggerts Ólafssonar sem Björn Halldórsson, mágur hans, gaf út að honum látum 1774. Í þessum ritum voru mótuð flest íslensk heiti á matjurtum sem enn eru notuð og voru þau ýmist alþjóðleg eða íslenskuð fræðinöfn. Sem dæmi má nefna kartöflur sem Olavíus nefnir „Jarðeple, Potetur“ en getur líka um erlend nöfn, svo sem

„Tartufler“ sem er ítalskt að uppruna og varð síðan *kartöflur* á okkar máli. Þegar Einar Helgason semur matjurtabókina *Hvannir* og gefur út 1926 eru íslenskar nafngiftir matjurta þegar komnar í fastan farveg. Síðan hafa fá nöfn bæst við á þeim vettvangi.

Fyrsta íslenska bókin um inniplöntur var kverið *Rósir* eftir Einar Helgason sem út kom í Reykjavík 1916 og 2. útg. 1931. Þetta var „Leiðarvísir um ræktun inniblóma“ en þó er allmörgum kvíslum og tegundum lýst. Þær eru flestar nefndar sínum latnesku nöfnum en sum þeirra voru íslenskuð, t.d. Fúksía fyrir Fuchsia, Pelargónía fyrir Pelargonium.

Næst í röðinni var bókin *Innijurtir* (1936) sem Óskar B. Vilhjálmsson tók saman. Þar er fjallað um ca 150 kvíslir erlendra plantna og allmargar tegundir nefndar sem hægt er að rækta í stofum eða gróðurskálum. Um nafngiftir segir höfundur:

„Nöfn öll eru á latínu (grísku eða indversku) og hafa alþjóðagildi. Flestum jurtunum fylgir auk þess íslenskt nafn. Venjulega er það fræðinafnið, danska eða þýzka nafnið, sem eru íslenskuð. Nöfnin eru flest ný og ber aðeins að taka sem tillögur.“
(Óskar B. Vilhjálmsson 1936:37)

Þessi íslensku kvíslanöfn eru oftast tví- eða þríliðuð og því ekki hentug til að leiða af þeim tegundanöfn enda er það varla reynt.

Árið 1957 gaf Bókaförlag Odds Björnssonar á Akureyri út bókina *Stofublóm* eftir Ingólf Davíðsson. Í henni er getið um 170 plöntukvísla, með latneskum og íslenskum nöfnum. Í formála kemur fram að „nöfn plantnanna eru að mestu leyti þau sömu og í *Rósum* og *Innijurtum*“ en „mörgum tegundum (einkum hinum nýrri) hafa verið gefin íslensk nöfn, ef þau voru ekki til áður“. Ekki verður séð að nein regla sé í þessum nafngiftum og tví- eða fleirkvæð nöfn eru allmörg, svo sem *börn Leu* (*Spironema fragrans*), *gyðingurinn gangandi* (*Tradescantia*) og *dísa í dalakofanum* (*Disandra*).

Árið 1964 kom út bókarkverið *Stofublóm í litum* sem Ingimar Óskarsson þýddi og staðfærði eftir dönsku kveri. Síðan hefur fjöldi slíkra bóka verið gefinn út héraendis, flestar eða allar þýddar, og eru fræðinöfnin oftast notuð sem aðalnöfn enda þótt íslenskra nafna sé líka getið. Svo virðist sem íslensk heiti hafi lítið náð að festast við þessar plöntur vegna þess hve fræðinöfn eða erlend heiti voru snemma orðin rótgróin.

Aðrar erlendar plöntur

Lítið kvað að íslenskum nafngiftum á plöntum, sem hvorki vaxa villtar né finnast í ræktun hér á landi, fyrr en farið var að þýða fjölþjóðleg rit um þau efni á sjöunda áratug síðustu aldar. Mun Ingimar Óskarsson hafa riðið á vaðið í því efni, með þýðingu alþýðlegra myndabóka í norrænni ritaröð sem hófst með útgáfu bókarinnar *Flora i farver*, hjá Politikens Forlag 1953. Hann gaf öllum tegundum í bókinni íslensk nöfn. Sama gerði Ingólfur Davíðsson, í bókinni *Tré og runnar í litum* (1962). Þar er allmikið um tvínefni.

Ingólfur Davíðsson þýddi og staðfærði *Blómabók* eftir F.A. Novak (1972) og bjó þá til mikinn fjölda nafna á tegundum og flokkum, þar á meðal allmörg nöfn á lágplöntum. Óskar Ingimarsson og Jón O. Edwald þýddu bókina *Myndskreytt Flóra Íslands og Norður-Evrópu*, eftir M. Blamey og C. Grey-Wilson. Þar er 2400 tegundum háplantna lýst í máli og myndum. Í formála kemur fram að þeir taka upp öll íslensk nöfn sem áður höfðu birst á prenti og gjalda varhuga við breytingum á þeim þó þau passi lítt við nafnareglur. Auk þess gefa þeir fjölda tegunda íslensk heiti og verður oft ekki séð að þeir fylgi þar neinum reglum.

Í fjölmiðlaheimi nútímans hefur það færst mjög í vöxt að gefa tegundum dýra og plantna nöfn á þeim tungum sem um þau er fjallað í myndum eða máli. Þessi nöfn hafa oft þá sérstöðu að vera búin til af þýðendum sem hafa lítið eða ekkert inngríp í viðkomandi fræðigrein og mynda nýnefni sín oftast en ekki án alls samhengis við skyldleikakerfi lífveranna. Þannig hefur líka orðið til mikill fjöldi samnefna sem þarf að útrýma.

Hér má geta bókar sem ber titilinn *Ensk-latnesk-íslensk og latnesk-íslensk-ensk dýra- og plöntuorðabók* sem Óskar Ingimarsson skráði og gefin var út 1989. Þar munu vera skráð flest nöfn á íslenskum dýrum og fjöldi annarra dýranafna en plöntunafnalisti bókarinnar er hins vegar mun styttri og vanburðugri og vantar mikið á að skráð séu öll íslensk plöntunöfn sem þá voru í notkun.

Almennt um nafngiftir á lífverum

Stofnheiti og nýmyndun þeirra

Af því sem hér hefur verið rífað upp má ljóst vera að á mestu veltur að velja hentug stofnheiti sem tegundanöfn eru svo dregin af, samkvæmt reglum Stefáns Stefánssonar o.fl. Reglur um val stofnheita má setja þannig fram:

- 1) Þau eiga að vera nafnorð eða ígildi þeirra.
- 2) Þau eiga að vera stutt, helst ekki nema tvö eða þrjú atkvæði.
- 3) Þau eiga helst að fela í sér merkingu sem vísar til áberandi einkenna viðkomandi lífveruflokks.

Höfundur veit af eigin reynslu að þessi nýnefnasmíð er ekki auðveld og að flest stofnnefni geta orkað tvímælis þegar þau eru valin. Íslenskir náttúrufræðingar hafa notað ýmsar aðferðir til að finna þessi nöfn eða búa þau til og vil ég hér geta um nokkrar slíkar.

Fyrst má nefna þá aðferð sem líklega er algengust og nefna mætti „hugdettuaðferð“. Þegar skrifað er um viðkomandi flokk dettur manni einfaldlega í hug eitthvert smellið nafnorð sem þá er tekið upp til reynslu. Við næstu yfirferð getur komið upp annað orð sem þykir betur henta og þá er freisting að skipta um nafn.

Önnur aðferð er að fara í kerfisbundna leit að hentugum orðum í orðabókum, skrá þau niður og jafnvel að búa til lista yfir þau sem síðan er gengið í þegar á þarf að halda. Þannig ritar Bergþór Jóhannsson í tillögum sínum um nöfn á íslenskar mosættkvíslir (1985): „Íslensk orðabók, gefin út af Bókaútgáfu Menningarsjóðs 1983, hefur reynst mér afar notadrjúg,“ og hann útskýrir mosanöfn sín með tilvitnunum í þá bók.

Ég hygg að þessi aðferð muni vera drýgst til góðs árangurs. Í orðabókum er mikill fjöldi stuttra, ein- eða tvíkvæðra nafnorða sem lítt eða ekki eru notuð í daglegu tali, eru jafnvel orðin úrelt, en hafa engu að síður ákveðna merkingu, stundum þó fleiri en eina, jafnvel margar. Þessi orð henta oft vel sem stofnnöfn á kvíslir eða ættir. Þá er þeim að vísu gefin alveg ný merking sem bætist við hinar sem þau höfðu áður. Frá málsögulegu sjónarmiði er ekkert við það að athuga því að slík nýmerking orða hefur alltaf verið að gerast sem best sést af því að tiltölulega fá orð, í hvaða tungumáli sem er, hafa aðeins eina afmarkaða merkingu.

Þriðja aðferðin, en sú sjaldgæfa, er að búa til alveg ný orð. Til þess þarf staðgóða málþekkingu, góðan málsmekk og hugmyndaríki. Fágætt mun vera að slík orð séu alger nýmyndun, oftast munu þau vera dregin af orðum sem til eru í málinu

eða í öðrum tungumálum. Í íslensku má oft mynda ný orð með hljóðvarpi eða hljóðskiptum af gömlum orðum og getur farið vel á því. Þannig var nafnið Krækill myndað af Krókarfi og sveppanafnið Nefla af orðinu *nafli*.

Stundum má búa til nýnefni með hljóðlíkingu við latnesku fræðinöfnin og hefur sú aðferð nokkuð verið tíðkuð allt frá Oddi Hjaltalín (1830). (Alkunnugt orð af þessu tagi er *berklar*, dregið af tuberculosis.) Í stöku tilvikum má taka latnesku nöfnin næstum óbreytt upp og mætti raunar gera meira af því. Dæmi um það er kvíslarnafnið Anemóna (Anemone). Latnesk og grísk orð geta farið vel í íslensku og laga sig oftast að beygingarreglum málsins.

Höfundarréttur

Sú spurning hefur gert vart við sig, t.d. hjá Ingimar Óskarssyni (1948), hvort rétt sé að innleiða einhverjar reglur um höfundarrétt þegar íslensk lífverunöfn eiga hlut að máli þannig að ekki sé leyfilegt að breyta þeim nöfnum sem þegar hafa verið skráð á prenti eða taka upp ný nöfn í þeirra stað.

Slíkar reglur hafa lengi verið í gildi varðandi fræðinöfn tegunda og flokka og gildir þar jafnan sú regla að elsta nafnið, sem fullgildur (latneskur) lýsingartexti fylgir, skuli hafa forgangsrétt og eru tegundaheiti (og jafnvel flokkaheiti) jafnan merkt með skammstöfun þess sem nafnið gaf. Frá þessari meginreglu eru þó ýmsar undantekningar.

Ég held að slíkar forgangsreglur séu tæplega réttlætanagerar hvað íslensku heitin varðar og myndu líklega verða til að hindra eðlilega endurnýjun og þróun þessa nafnaflokks. Þær gætu orðið til að festa gömul og óhentug nöfn í sessi og komið í veg fyrir að nöfnum sé breytt til batnaðar. Auk þess væri ekki hægt að skylda neinn til að fara eftir þeim.

Nafngiftanefndir

Í flestum ríkjum Evrópu munu vera til sérstakar nefndir sem hafa það verkefni með höndum að dæma um nýnefni á lífverum og gefa út lista með útvöldum nöfnum sem nefndarmenn eru sammála um að mæla með. Ingimar Óskarsson (1948) mun fyrst hafa stungið upp á því að koma á fót slíkri nefnd hérlendis.

Ný tegundanöfn eru langoftast valin eða sköpuð af einstaklingum sem þekkja vel til viðkomandi lífveruflokks og hlýtur smekkur þeirra að ráða miklu um valið. Að jafnaði held ég að þeim sé betur treystandi, hvað smekkvísi og notagildi nafnanna varðar, en einhverri opinberri nefnd. Því er þó ekki að neita að nafngiftanefnd gæti verið gagnleg, m.a. til að úrskurða um samnefnd stofnöfn og velja úr samnefnum erlendra dýra og plantna.

Árið 1987 var sett á fót plöntunafnanefnd, fyrir forgöngu Jóhanns Pálssonar sem þá var garðyrkjustjóri Reykjavíkur. Í henni sátu Jóhann Pálsson, Óli Valur Hansson, Ólafur B. Guðmundsson, Sigurður Blöndal og Gunnlaugur Ingólfsson. Fyrsta verkefni nefndarinnar var að fjalla um harðgerða runna og tré vegna endurskoðunar á bók Ásgeirs Svanbergssonar (1982) um það efni. Greint er frá niðurstöðum í þremur greinum í Garðyrkjuritinu (1988, 1989 og 1991). Samkvæmt upplýsingum frá Ólafi hefur nefndin ekki starfað síðan 1991.

Skráning plöntunafna

Það gefur auga leið að við alla þessa nýnefnað hljóta sömu stofnnefni stundum að koma upp á tveimur eða fleiri kvíslum (ættum, bálkum). Til að koma í veg fyrir það er nauðsynlegt að einhvers staðar sé haldin skrá yfir öll stofnnefni og jafnvel tegundaheiti og hægt sé að fá aðgang að henni hvenær sem er. Sumum finnst það í lagi þótt stofnheiti séu eins ef samsett tegundanöfn eru frábrugðin en svo tel ég ekki vera. Samnefnd stofnheiti hljóta alltaf að bjóða ruglingi heim.

Hörður Kristinsson telur að ekki sé viðlit að losna við öll samnefnd stofnheiti plantna því að mörg þeirra hafa unnið sér ríka hefð. Sem dæmi má nefna stofnheitið Klukka sem hefur verið notað á a.m.k. 4 háplöntukvíslir, eina mosakvísl og eina sveppakvísl.

Árið 1973 var á vegum Lystigarðs Akureyrar byrjað að skrásetja íslensk plöntunöfn í prentuðum heimildum og vann Þórir Haraldsson kennari það verk í fyrstu. Þetta var gert vegna eindreginna óska frá almenningi um að plöntur garðsins yrðu merktar íslenskum nöfnum við hlið hinna latnesku. Því varð að búa til mikið af íslenskum plöntuheitum og voru þau tekin jafnóðum inn í skrána. Þetta var spjaldskrá sem í fyrstu var raðað eftir fræðinöfnum en síðar var öðru eintaki raðað eftir íslenskum heitum, m.a. til að forðast tvínefningar.

Ólafur Björn Guðmundsson lyfjafræðingur hafði þá einnig um nokkurt skeið skráð íslensk nöfn á garðplöntum á spjaldskrá sem geymd var hjá Garðyrkjufélagi Íslands í Reykjavík en hvorugur þessara aðila vissi af skrásetningu hins.

Árið 1985 lét Hörður Kristinsson, sem þá var prófessor við Háskóla Íslands og starfaði á Líffræðistofnun í Reykjavík, endurrita skrá Lystigarðsins á tölvu og nafntaka nýjar heimildir og naut hann aðstoðar líffræðistudenta við þetta verk.

Árið 1988 tók Hörður aftur upp þráðinn á Náttúrufræðistofnun Norðurlands á Akureyri þar sem hann var þá orðinn forstöðumaður. Síðan hefur skráin verið þar til húsa, eða öllu heldur heima hjá Herði því hann hefur mest unnið við þessa skráningu í frístundum. Skráð hafa verið öll íslensk plöntunöfn, sem til hefur náðst, eftir frumsömdum og þýddum plöntubókum á íslensku, sömuleiðis mikið af óbirtum nöfnum úr safni grasgarðanna á Akureyri og í Reykjavík. Þar hafa einnig verið skráð íslensk heiti, gömul og ný, á mosum, þörungum, fléttum og sveppum sem mörg eru óbirt. Ein heimild er að jafnaði skráð fyrir hverju nafni sem sýnir hvaðan nafnið kom fyrst inn í skrána.

Allmargar erlendar tegundir hafa fleiri en eitt íslenskt heiti í skránni sem oftast hafa orðið til vegna þess að þýðendur hafa ekki haft aðgang að neinni heildarskrá yfir íslensk plöntunöfn. Tegundir eru að jafnaði skráðar eftir því fræðinafni sem notað er í heimildinni en mörg þeirra hafa breyst og því er mikið um samnefni meðal fræðinafnanna. Í árslok 2001 innihélt skráin um 17 þúsund færslur með öllum samnefnum.

Nýlega var byrjað að velja úr íslensku samnefnum og setja gild fræðinöfn á tegundirnar og velja úr íslensku nöfnum, þannig að eitt hafi forgang, og sameina öll íslensk heiti hvarrar tegundar í eina færslu með aðalnöfn í einum dálki og samnefni í öðrum. Lætur nærri að skráin muni minnka um helming við þá endurskoðun. Við erlendu plönturnar hefur Hörður notið aðstoðar Dóru Jakobsdóttur sem hefur langa og dýrmæta reynslu við ræktun og uppeldi plantna í Grasagarði Reykjavíkur.

Skráin er þannig gerð að raða má henni jafnt eftir íslenskum heitum sem fræðinöfnum og bæði eftir fornaefni (kvíslarheiti) og viðurnefni fræðiheita. Einnig má raða henni hvort sem er eftir fyrri hluta eða seinni hluta (endingum) íslensku nafnanna. Með því að raða eftir síðari (eða síðasta) hluta nafnanna má fá fram skrá yfir öll stofnöfn (kvísla- eða ættaheiti) sem notuð hafa verið.

Þessi skrá er nú aðgengileg í orðabanka Íslenskrar málstöðvar í Reykjavík þar sem hægt verður að halda áfram endurskoðun hennar og bæta í hana nýjum nöfnum. Þeir hlutar, sem verða endurskoðaðir, verða að líkindum settir jafnóðum í birtingarhluta orðabankans þar sem allir geta slegið honum upp á Internetinu.

Þá hefur Dóra Jakobsdóttir að eigin frumkvæði tekið saman skrá yfir íslensk og erlend ættanöfn háplantna. Þessi skrá var sett í orðabanka Íslenskrar málstöðvar árið 1997 og hefur síðan verið í stöðugri endurskoðun. Hún er aðgengileg á Internetinu.

Loks má geta þess að höfundur þessarar greinar hefur skráð íslensk sveppanöfn, annars vegar þau sem finnast í prentuðum heimildum fram til 1975 og hins vegar kvíslanöfn eða stofnnefni sem hann notar í handriti að *Íslenskri sveppabók* (2000). Síðari skráin er sérstæð að því leyti að í henni eru aðallega tillögur um nöfn. Afrit af henni er hjá Íslenskri málstöð.

Þakkir

Ég vil þakka Ágústi H. Bjarnasyni, Dóru Jakobsdóttur, Herði Kristinssyni, Ólafi Birni Guðmundssyni, Álfheiði Ingadóttur (Náttúrufræðistofnun) og Ara Páli Kristinssyni (Íslenskri málstöð) fyrir mikilvægar upplýsingar og leiðréttingar á greininni.

Heimildir

- Ágúst H. Bjarnason. 1983. *Íslensk flóra með litmyndum*. Eggert Pétursson gerði myndirnar. Iðunn, Reykjavík.
- Ágúst H. Bjarnason. 1996. *Stóra garðabókin*. Forlagið, Reykjavík.
- Ásgeir Svanbergsson. 1982. *Tré og runnar á Íslandi*. Skógræktarfélag Reykjavíkur. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Áskell Löve. 1945. *Íslenskr jurtir*. Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Áskell Löve. 1970. *Íslenskr ferðaflóra*. (Jurtabók AB.) (2. útg. aukin og endurbætt 1977.) Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Áskell Löve. 1983. *Flora of Iceland*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Bergþór Jóhannsson. 1985. *Tillögur um nöfn á íslenskar mosaættkvíslir*. *Fjölrit Náttúrufræðistofnunar* 1. Reykjavík.
- Bergþór Jóhannsson. 1989-1991. *Íslenskir mosar (I-XIX)*. *Fjölrit Náttúrufræðistofnunar* 12, 13, 15, 16, 19, 20, 21, 22, 24, 26, 27, 29, 33, 34, 36, 38, 41 og 42.
- Bjarni Sæmundsson. 1926-1936. *Íslensk dýr I-III*. Reykjavík.
- Björn Halldórsson. 1983[1783]. *Grasnytjar*. Önnur útg. með skýringum. Akureyri.
- Blamey, M. og Grey-Wilson, C. 1992. *Myndskreytt flóra Íslands og Norður-Evrópu*. Þýð. Óskar Ingimarsson og Jón O. Edwald. Skjaldborg, Reykjavík.
- Eggert Ólafsson. 1975[1772]: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi 1752-1757. I-II*. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Eggert Ólafsson. 1774. *Lachanologia eða Maturtabók*. Búin til prentunar af Birni Halldórssyni. Kaupmannahöfn.
- Einar Helgason. 1914. *Bjarkir*. Reykjavík.
- Einar Helgason. 1931[1916]. *Rósir. Leiðarvísir í ræktun inniblóma*. 2. útg. Reykjavík.
- Einar Helgason. 1926. *Hvannir. Matjurtabók*. Reykjavík.
- Gísli Oddsson. 1917[1638]. *Annalium in Islandia farrago & De mirabilibus*

- Islandiae. – Islandica*, Vol. X:1-82. Íþöku, New York. Ísl. þýðing eftir Jónas Rafnar 1942: *Íslensk annálabrot og undur Íslands*. Akureyri.
- Grønlund, Christian. 1881. *Islands Flora*. Gyldendalske Forlag, Kaupmannahöfn.
- Guðmundur G. Bárðarson. 1919. *Sælingýr við Ísland (Mollusca marina Islandiae)*.
Skýrsla um hið íslenska náttúrufræðifélag 1917-18:45-75. Reykjavík.
- Helgi Hallgrímsson. 1979. *Sveppakverið*. Garðyrkjufélag Íslands, Reykjavík.
- Helgi Hallgrímsson. 1979. *Veröldin í vatninu*. Bókagerðin Askur.
- Helgi Hallgrímsson. (2000). *Sveppabókin*. Handrit (320 bls.).
- Hólmfríður Sigurðardóttir. 1995. *Íslenska garðblómabókin. Handbók um fjölærar skrautjurtir og sumarblóm*. Íslenska bókaútgáfan, Reykjavík.
- Hörður Kristinsson. 1986. *Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Íslensk náttúra 2. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Hörður Kristinsson. 2001. *Íslensk plöntuheiti*. Íslenska, danska, enska, latína, þýska. Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetur. (Rafræn útgáfa.)
- Ingimar Óskarsson. 1948. Nafngiftir plantna. *Náttúrufræðingurinn* 18(2): 88-91.
- Ingimar Óskarsson. 1948. Um íslensk heiti á tveim innfluttum reyniviðartegundum. *Náttúrufræðingurinn* 18(2):92-95.
- Ingimar Óskarsson. 1952, 1962: *Skeldýrafána Íslands I-II*. Reykjavík.
- Ingólfur Davíðsson. 1957. *Stofublóm*. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri.
- Ingólfur Davíðsson. 1962. *Tré og runnar í litum*. (Litmyndir: V. Hancke.) Skuggsjá, Hafnarfirði.
- Ingólfur Davíðsson og Ingimar Óskarsson. 1949. *Garðagróður*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík. (3. útg. 1981.)
- Mohr, Nikolai. 1786. *Forsøg til en Islandsk Naturhistorie, med adskillige oekonomiske samt andre Anmærkninger*. Kaupmannahöfn.
- Móritz H. Friðriksson. 1883-1884. Grasaríkið á Íslandi I-II. *Almanak Þjóðvinafélagsins* 1883:53-56, 62 og 1884:62-65.
- Novak, F.A. 1972. *Blómabók (Stóra fjölfræðisafnið IV)*. Ingólfur Davíðsson þýddi og endursagði. Fjölvi, Reykjavík.
- O[oddur]. J. Hjaltalín. 1830. *Íslenszk grasafraedi*. Hið ísl. bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
- Ólafur B. Guðmundsson. 1988. Nefnd um íslensk plöntuheiti. *Garðyrkjuritið* 1988:205-211.
- Ólafur B. Guðmundsson. 1989, 1991. Viðurkennd íslensk plöntunöfn. Samþykkt af nefnd um íslensk háplöntuheiti. *Garðyrkjuritið* 1989:127-150 og 1991:159-184. (Enn fremur margar aðrar greinar um einstakar plöntukvíslir og -ættir í *Garðyrkjuritinu*, með fjölda nýrra íslenskra nafna.)
- Ólafur Ólafsson (Olavius). 1770. *Íslensk Urtagarðs Bok. Söfnuð og samantteken Bændum og Alþýðu á Islande til reynslu og nota...* Kaupmannahöfn.
- Ólafur Ólafsson (Olavius). 1781. *Fáein íslenszk Jurta- Fiska- og Fuglanöfn, snúin á Látínska túngu eptir hætti Náttúru-spekinga á vorri ölld...* Rit hins íslenska Lærdómslistafélags 1:1-14.
- Óskar Ingimarsson. 1989. *Ensk-latnesk-íslensk og latnesk-íslensk-ensk dýra- og plöntuorðabók*. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Óskar B. Vilhjálmsson. 1936. *Innijurtir*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Peterson, R.T., Mountfort, G. og Hollom, P.A.D. 1962. *Fuglar Íslands og Evrópu*. Finnur Guðmundsson íslenskaði og staðfærði. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Sigurður Jónsson og Karl Gunnarsson. 1978. Botnpörungar í sjó við Ísland. Greiningarlykill. *Hafrannsóknir* 15:1-94.

- Stefán Stefánsson. 1901. *Flóra Íslands*. Hið ísl. bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
(2. útg., aukin, Kaupmannahöfn, 1924.) (3. útg. aukin, Steindór Steindórsson
bjó til prentunar, Hið ísl. náttúrufræðifélag, Reykjavík, 1948.)
- Steindór Steindórsson. 1939. Íslensk plöntuheiti. *Náttúrufræðingurinn*, 2. hefti, 1939.
- Steindór Steindórsson. 1978. *Íslensk plöntunöfn*. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Sveinn Pálsson. 1945. *Ferðabók. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*.
Snælandsútgáfan, Reykjavík.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.